



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## FORSETAFRÚ SÆKIR FERÐASÝNINGU Í BERLÍN

Á morgun, þriðjudaginn 5. mars, heldur Eliza Reid forsetafrú til Berlínar til að sækja ITB, stærstu ferðasýningu heims, ásamt fulltrúum Íslandsstofu og ríflega þrjátíu íslenskra fyrirtækja sem þar kynna starfsemi sína.

Ferðasýninguna sækja um 170.000 gestir, þar af 110.000 fagaðilar, og er sýningin mikilvægur vettvangur funda og fræðslu um nýjungar í ferðaþjónustu á heimsvísu. Forsetafrúin, sem er sérlegur sendiherra ferðaþjónustu og markmiða sjálfbærrar þróunar hjá Ferðamálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNWTO), mun halda inngangserindi á tveimur málstofum á ráðstefnunni, annað um jafnrétti og ferðaþjónustu og hitt um þróun hágæðaferða.

Meðal annarra viðburða í ferðadagskrá Elizu Reid má nefna að íslenska sendiráðið í Berlín býður henni ásamt fulltrúum þýskra fjölmiðla til vinnukvöldverðar í bústað sendiráðsins þar sem íslensk ferðaþjónusta verður kynnt og þær áherslur sem þar eru lagðar á ábyrgð og öryggi auk þess sem vakin verður athygli á hlut íslenskrar matargerðar í jákvæðri upplifun ferðamanna. Þann 7. mars mun forsetafrúin taka þátt í morgunviðburði um jafnrétti á vegum sendiráðs Íslands í tilefni af Alþjóðlegum degi kvenna og ávarpa þar norrænar konur. Þá mun hún sækja annan viðburð þar sem hún og forsetafrú Þýskalands, Elke Büdenbender, eru heiðursgestir.

4. mars 2019

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).*